

# Áætlun um jafnréttismál Þingeyjarsveitar

## 2023-2027

### 1. Tilgangur

Samkvæmt lögum um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020 skulu sveitarstjórnir afloknum sveitarstjórnarkosningum sjá til þess að verði gerð áætlun þar sem komi m.a. fram hvernig unnið skuli að kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum sviðum. Áætlun skal taka til markmiða og aðgerða til að stuðla að jafnrétti og jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum. Jafnréttisáætlun Þingeyjarsveitar er byggð á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Ný og endurskoðuð áætlun skal lögð fyrir til samþykktar í sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

### 2. Jafnréttisnefnd

Fræðslu- og velferðarnefnd Þingeyjarsveitar fer með málefni jafnréttisnefndar sveitarfélagsins í samræmi við það hlutverk sem skilgreint í 13.gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020. Nefndin skal fjalla málefni jafnréttis innan Þingeyjarsveitar og vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kynjanna. Nefndin skal jafnframt fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu allra kynja í Þingeyjarsveit. Nefndin skal hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar til fjögurra ára í senn.

### 3. Stefna

Það er stefna Þingeyjarsveitar er að vinna gegn allri mismunun, að tryggja jafnan rétt óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, fötlunar, skertrar starfsgetu, kynvitundar, kyneinkenna, kyntjáningar eða annara þátta.

Kjörnum fulltrúum, nefndafólki sem og stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins ber að fara eftir jafnréttisstefnunni og vinna að framgangi hennar. Stjórnendur og starfsmenn Þingeyjarsveitar bera ábyrgð á að tryggja að jafnrétti allra sé virt innan stjórnkerfis sveitarfélagsins, á vinnustöðum þess og í þjónustu, enda sé þeim gert það kleift með fjármagni og fræðslu á sviði jafnréttismála. Stjórnendur bera ábyrgð á því að unnið sé markvisst gegn fordómum og staðalímyndum innan þjónustustofnana og gagnvart notendum þjónustunnar.

### 4. Markmið og aðgerðaráætlun

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu allra íbúa í Þingeyjarsveit óháð kyni eða uppruna. Ætíð skal tryggja í öllum athöfnum og ákvarðanatöku á vegum sveitarfélagsins sé unnið samkvæmt lögum stjórnslu jafnréttismála.

#### 4.1 Launajafnrétti

Einstaklingum óháð kyni er starfa hjá Þingeyjarsveit og stofnunum sveitarfélagsins skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að þau viðmið sem lögð eru til grundavallar launaákvörðun fela ekki í sér kynjamismunun samanber 6.gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Samkvæmt 7 .gr. sömu laga skal sveitarfélag með 25 starfsmenn eða fleiri öðlast jafnlaunavottun hjá viðurkenndum vottunaraðila. Vottunaraðilinn þarf að staðfesta, að undangenginni úttekt að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Vottunina skal endurnýja á þriggja ára fresti.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði skal gæta sérstaklega að erlendu starfsfólki sé tryggð sömu laun og íslenskt starfsfólk með sömu menntun og reynslu. Við gerð verksamninga eða kaupsamninga á eignum, skal aðalverktaki gangast undir ábyrgð á öllum starfsmönnum sínum og starfsmönnum undirverktaka að farið sé eftir gildandi kjarasamningum á Íslandi.

*Markmið jafnréttisáætlunar*

- Að mynduð verði jafnlaunastefna
- Að sveitarfélagið öðlist jafnlaunavottun

*Sjá nánar í Aðgerðaráætlun – fylgiskjal 1*

#### **4.2 Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun**

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið öllum einstaklingum óháð kyni, aldri, skertrar starfsgetu eða annara þátta sbr. 8., 10. og 13. gr. laga nr. 86/2018 um jafna stöðu á vinnumarkaði. Markvisst skal unnið að því að störf flokkist ekki undir eitt kyn frekar en annað og gætt sé að kynjasambættingu m.a. með því að skoða hvernig starfslýsingar eru orðaðar. Til að jafna kynjahlutfallið í starfgreinum skal það kynið sem er í minnihluta ganga fyrir við ráðningar þegar umsækjendur eru taldir jafn hæfir.

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf sbr. 12.gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

*Markmið jafnréttisáætlunar*

- Forstöðumenn tryggja að störf sem auglýst eru af sveitarfélaginu standi öllum til boða óháð kyni, uppruna og fleiri þátta.

*Sjá nánar í Aðgerðaráætlun – fylgiskjal 1*

#### **4.3 Samræming fjölskyldu og atvinnulífs**

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera öllum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu samanber 13 gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Miða skal að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingarorlof, að boðið sé uppá eins og mögulegt er hlutastörf, tilfærslu í starfi eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduáðstæðna. Skal þetta sérstaklega tekið fram í Mannauðsstefnu sveitarfélagsins.

*Markmið jafnréttisáætlunar*

- Að lagðar verði fyrir reglulegar ánægjukannanir á vinnustöðum sveitarfélagsins
- Fjölskylduvænir vinnustaðir gerðir sýnilegir á samfélagsmiðlum
- Mannauðsstefna verðir unni og kynnt fyrir starfsfólki og gerð aðgengileg íbúum

*Sjá nánar í Aðgerðaráætlun – fylgiskjal 1*

#### **4.4 Einelti, kynbundið ofbeldi og áreitni**

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreitni og kynbundið ofbeldi er með öllu óheimil á vinnustöðum Þingeyjarsveitar. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 150/2020 og 7. gr. laga nr. 86/2018 skulu sveitarstjóri og yfirmenn stofnana sveitarfélagsins gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk,

nemendur og skjólstæðingar verði fyrir einelti, eða hvers konar ofbeldi eða áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

*Markmið jafnréttisáætlunar*

- *Unnin verðu áætlun gegn einelti, ofbeldi og áreitni*
- *Haldið verði fræðsluerindi fyrir starfsfólk og stjórnendur sveitarfélagsins*

*Sjá nánar í Aðgerðaráætlun – fylgiskjal 1*

#### **4.5 Kynjasambætting**

Kynjasambættingar og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess. Sérstaklega skal gæta að jafnréttissjónarmiðum við alla áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi sem og í íþróttá- og tómsundastarfi samanber greinum 15. og 30 í lögum nr. 150/2020.

*Markmið jafnréttisáætlunar*

- *Að kynjasambættingar gætir í allri stefnumótun sveitarfélagsins*
- *Unnin verði fjölmenningsstefna, móttökuáætlun fyrir nýbúa og verklag um túlkþjónustu*

*Sjá nánar í Aðgerðaráætlun – fylgiskjal 1*

#### **4.6 Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera**

Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir innan sveitarfélagsins og stofnana þess skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri fulltrúa en þrjá er að ræða eins og kemur fram í lögum nr. 150/2020.

*Markmið jafnréttisáætlunar*

- *Að unnin verði greining á hlutfalli kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum*
- *Innleiða verklag við skipun í nefndir*

*Sjá nánar í Aðgerðaráætlun – fylgiskjal 1*

### **5. Eftirfylgni**

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála skal jafnréttisáætlun sveitarfélagsins rædd árlega í sveitarstjórn og endurskoðuð eftir þörfum. Farið er yfir stöðu verkefna og skoðað hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara. Þannig er líkleggra að markvisst sé unnið að jafnrétti innan sveitarfélagsins og að raunverulegur árangur náist.

- a) Skoða þarf hvort jafnréttisáætlunin sé að skila tilætluðum árangri.
- b) Endurskoða skal markmið og tryggja að þau séu í samræmi við þróun og starfsemi sveitarfélagsins og stofnana þess.
- c) Endurskoða og uppfæra þarf jafnréttisáætlun að lágmarki á 4. ára fresti í kjölfar sveitarstjórnakosninga og við skipun nýrrar Fræðslu- og velferðarnefndar.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 13. apríl 2023*